

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2022 (til 2024)¹

Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál 3. febrúar 2022

Heiti verkefnisins	Markaðs- og kynningarsókn framhaldsskólanna
Númer verkefnis ²	2022-02
Markmið	<p>Markmið er að auka aðsókn í framhaldsskólana á Norðurlandi eystra.</p> <p>Markmið að kynna Norðurland eystra sem sterkt skólasvæði þar sem hægt er að sækja fjölbreytta menntun á framhaldsskólastigi; gamlir skólar og nýir, nýsköpun og hefðir, bóknám og verknám, heimavistir og fjarnám.</p>
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Almennt hefur aðsókn í framhaldsskólana dregist saman undanfarin ár, þrátt fyrir fjölbreytt framboð í bók- og verknámi.</p> <p>Verkefnið felur í sér að framleiða kynningarefni um framhaldsskólana á svæðinu og nærumhverfi þeirra til að nota í markaðsáttak vorönn 2022 (vegna skráninga fyrir næsta skólaár) og til næstu 2-3 ára. Efnið verður í formi myndbanda og innslaga á samfélagsmiðlum. Annars vegar verður hugað að kynningarefni fyrir foreldra og hins vegar að kynningarefni sem höfðar til aldurshópsins 14-17 ára. Til að efnistöð séu í samræmi við hópinn sem efnið á að ná til, verða nemendafélög skólana kölluð til samstarfs.</p> <p>Efnið verður með sameiginlega umgjörð en sérstaða og áherslur hvers skóla fær að njóta sín. Áherslan verður á að hægt sé að sækja fjölbreytt nám og skólafyrirkomulag á Norðurlandi eystra.</p>
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Framkvæmdaaðili	SSNE

¹ Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.

² Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

Samstarfsaðilar	SAMNOR, markaðs- og kynningarfulltrúar sem og nemendafélög skólana: Framhaldsskólinn á Laugum, Framhaldsskólinn á Húsavík, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga og Verkmenntaskólinn á Akureyri.
Tengsl við sóknaráætlun	<p>Í SVÓT greiningu Sóknaráætlunar SSNE 2020-2024 er tækifæri talið felast í því að auka námsframboð á háskóla- og framhaldsskólastigi á svæðinu til að auka samkeppnishæfi í samanburði við aðra landshluta. Í því samhengi má annars vegar líta til markaðssetningar á því fjölbreytta framboði sem nú þegar er til staðar og hins vegar að auka tækifæri til handa vel menntaðs starfsfólks á svæðinu. Tækifærin liggja því bæði fyrir nemendur og starfsfólk að vaxa og dafna á sínu sviði, finna störf og auka í framhaldinu fjölbreytt framboð af starfsfólki sem er vel menntað á sínu sviði.</p> <p>Framhaldsskólaaldurinn er mótunartími þar sem mikilvæg tengsl myndast. Vísbendingar eru um að ungt fólk ílengist frekar eða velji sér búsetu síðar á lífsleiðinni, í takt við dvöl á mótunartímanum.</p> <p>Líkt og fram kemur á bls. 10 í Sóknaráætlun NE þá er eitt af þeim mikilvægu verkefnum samtakanna að sinna hagsmunagæslu fyrir aðildarsveitarfélögin innan og utan starfsvæðis. Þar er sérstaklega tiltekið að auka fjárframlög til framhaldsskólanna.</p> <p>Að lokum má gesta þess að einn af árangursmælikvörðum Sóknaráætlunar undir flokki Atvinnuþróunar og nýsköpunar er fjöldi nemenda í list-, tækni- og verknámi.</p>
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<p>Sóknaráætlun SSNE tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markmið 4 þeirra markmið “Menntun fyrir alla” felur í sér að tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi. Efling framhaldsskóla á landsbyggðunum gerir það auðveldara að allir geti sótt sér nám óháð aðstæðum. Það kemur glögglega fram í undirmarkmiði 4.3. þar sem kveðið er á um aðgengi að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi á viðráðanlegu verði og ef það þarf að fara langt að sækja námið hallar á þá efnaminni. Markmið 4.4. tekur sérstaklega á tækni- og starfsmenntun en þar hafa framhaldsskólar svæðisins mikið hlutverk.</p> <p>Helstu áskoranir Íslands undir þessu markmiði er að m.a. að fjölga nemendum í verk- og tækninámi og vinna gegn brotthvarfi. Kynning á því framboði sem er í dag til staðar ætti að vera liður í því að takast á við þessar áskoranir.</p> <p>Í þessu samhengi mætti nefna tengsl við heimsmarkmið 4.7 sérstaklega: að „Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar. Í Verkfærakistu Heimsmarkmiðanna er rætt sérstaklega mikilvægi þess að hlusta á raddir barna og ungmenna í tengslum við þeirra</p>

	hagsmunamál. Í þessu verkefni verður leitað eftir samstarfi við nemendafélög skólanna.
Árangursmælikvarðar	Aukin aðsókn í framhaldsskóla á svæðinu og þá sérstaklega horft til aukinna umsókna sem koma frá öðrum landshlutum. Mældur verður fjöldi birtinga á samfélagsmiðlum.
Lokaferð (hver verður lokaferð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Kynningarefni fyrir foreldra og komandi nemendur sem sýnir fram á ágóða nemenda að stunda nám á Norðurlandi eystra með tilliti til framboðs, afþreyingar og almennrar þjónustu. Kynningarefni sem skólunum verður frjálst að nota á sínum miðlum. Efni sem nýtist í u.þ.b. þrjú ár.
Upphaf og lok verkefnis	Heildarverkefnatími er febrúar – júní 2022 Undirbúningur, samningsgerð og myndun verkefnahóps: janúar – febrúar Efnisvinnsla og handritfebrúar – mars Framleiðsla: febrúar - apríl Miðlæg grunnkeyrsla á efni frá apríl fram í júní 2022, á umsóknartíma fyrir haustönn 2022. Efnið verður framleitt með það fyrir augum að auðvelt verði að nota það næstu 2- 3 árin á vegum skólana.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður er metin á um 3 – 4 milljónir kr. samkvæmt tilboðum. Til viðbóta bætis við vinnuframlag SSNE, SAMNOR og markaðs- og kynningafulltrúa framhaldsskólana.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)	3.200.000 kr.
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Ímyndunarherferð í takt við Byggðaáætlun 2018-2024: Markmið A.18. Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun á aðgengi. Verið er að vinna við að skilgreina rétt fólks til opinberrar þjónustu s.s. menntunar og þá eru framhaldsskólar þar undir. Menntastefna stjórnvalda til 2030: Markmið A.2. Menntun um allt land- þar er kveðið á um að búseta eigi ekki hafa áhrif á möguleika til náms.